

**199. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
21. september 2022 og hófst hann kl. 08:00.**

Fundinn sátu:

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Liv Aase Skarstad aðalmaður, Íris Guðrún Sigurðardóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Guðrún Sigvaldadóttir áheyrnarfulltrúi leikskólakennara, Jónas Kári Eiríksson áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólabarna, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Anney Ágústsdóttir verkefnastjóri og Kristjana H. Ólafsdóttir fjármálastjóri.

Fundargerð ritaði: Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2207107 - Fjárhagsáætlun 2023 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2024-2026

Kristjana Helga Ólafsdóttir deildarstjóri fjármála kemur inn á fundinn undir þessum lið og kynnir stöðuna í málaflokknum og fjárhagsáætlunarvinnuna framundan.

Skóla- og frístundaráð þakkar Kristjönu Helgu fyrir skýra og góða yfirferð á vinnu við fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2023.

2. 2209063 - Skipulagsdagar leikskólanna 2022 - 2023 - breytingar

Leikskólastjórar á Vallarseli, Teigasel og Akraseli óska eftir tilfærslu á skipulagsdögum 2. janúar og 11. apríl vegna fyrirhugaðra náms- og kynnisferða starfsfólks leikskólanna á vormánuðum.

Vallarsel og Teigasel óska eftir að færa þá til 19. apríl og 21. apríl en Akrasel til 26. maí og 30. maí.

Áheyrnarfulltrúar leikskólanna sitja fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð samþykkir tillögur leikskólastjóra Akrasels, Vallarsels og Teigarsels um tilfærslu skipulagsdaga á vorönn 2023.

Áheyrnarfulltrúar víkja af fundi.

3. 2209178 - Reglur um niðurgreiðslu vegna dvalar barna hjá dagforeldrum - endurskoðun

Skóla- og frístundaráð vill hefja endurskoðun á reglum um niðurgreiðslur vegna dvalar barna hjá dagforeldrum. Sviðsstjóra er falið að vinna málið áfram.

4. 2209179 - Bæjarstjórn unga fólksins 2022

Tillaga að dagsetningu fyrir bæjarstjórnarfund unga fólksins.

Skóla- og frístundaráð samþykkir að bæjarstjórnarfundur unga fólksins verði haldinn 15. nóvember 2022.

5. 2203032 - Fundargerðir 2022 - Samfélagsmiðstöð Dalbraut 8 - stýrihópur

Fundargerðir stýrihóps um samfélagsmiðstöð að Dalbraut 8 lagðar fram til kynningar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:00.